

20

2. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 56 7. maí 1946, um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir orðunum „vararæðismenn Íslands erlendis“ í 13. gr. laga um kosningar til Alþingis komi: svo og kjöræðismenn, ef þeir eru íslenskir ríkisborgarar eða af íslensku þjóðerni og mæla á íslenska tungu,

2. gr.

Á eftir orðunum „vararæðismanns Íslands“ í 65. gr. laga um kosningar til Alþingis komi: eða kjöræðismanns, er uppfyllir skilyrði 13. gr.,

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 2. marz 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

21

8. marz

L Ö G

um að reisa stöð til hagnýtingar efna úr síldarsoði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að reisa og starfrækja stöð til hagnýtingar efna úr síldarsoði við síldarverksmiðjur ríkisins.

2. gr.

Til byggingarframkvæmda samkvæmt 1. gr. heimilast ríkisstjórninni að taka lán innanlands eða utan fyrir hönd ríkissjóðs, að fjárhæð allt að 4 milljónir króna.

3. gr.

Um stofnun og rekstur vinnslustöðvar þeirrar, er um ræðir í 1. gr., fer að öðru leyti eftir lögum nr. 1 1. janúar 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. marz 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.